

Alþingi  
Nefndasvið  
150 REYKJAVÍK  
b.t. efnahags- og skattanefndar

Reykjavík 3. mars 2008

Tilvísun: 200802-0084/  
0.03.00

### **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aukið öryggi við framkvæmdir hins opinbera**

Vinnueftirlitið fagnar þessari tillögu til þingsályktunar. Íslenska ríkið er langstærsti verkkaupinn á Íslandi á sviði mannvirkjagerðar, m.a. er það aðalverkkaupi flestra samgönguframkvæmda og virkjana- og orkuframkvæmda. Vinnuslys eru tíðust í mannvirkjagerð hér á landi miðað við aðrar starfsgreinar, og þar sem ríkið er einn stærsti verkkaupinn er æskilegt að það og stofnanir þess móti sér stefnu sem miði að því að þeir verktakar sem ríkið velur til að sinna mannvirkjagerð, vinni að aðbúnaði og öryggi starfsmanna sinna á sem bestan máta og í samræmi við lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum svo hægt verði að draga úr vinnuslysum og atvinnusjúkdómum á Íslandi. Vinnueftirlitið bendir á mikilvægi þess að opinberir verkkaupar skilgreini á fullnægjandi hátt í útboðsgögnum hvaða kröfur verkkaupar þurfi að uppfylla varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á byggingarvinnustað. Þar sem verkkaupinn ræður þá sem verkið vinna getur hann haft veruleg áhrif á hvernig starfsumhverfið verður á væntanlegum byggingarvinnustað.

Vinnueftirlitið vill einnig benda á að það hefur sýnt sig að þegar ríkið og stofnanir þess hafa valið verktaka sína eingöngu út frá því hversu lágt þau bjóða í verkin þá eru miklar líkur á því að “hagkvæmnin” bitni á öryggi starfsmanna, því forgangur þessara verktaka er að skila af sér verkefninu með eins litlum kostnaði og völ er á og þar sem þeir hafa oft á tíðum boðið of lítið í verkin þá eru vinnuverndarmál eðli máls oft ekki hátt skrifuð hjá þeim.

Vinnueftirlitið styður þær tillögur sem lagðar eru fram í þessum drögum til þingsályktunar en vill einnig benda á að oft skipta verktakar um kennitölur og því er erfitt að fylgja slysa- og atvinnusjúkdómatölfræði verktakafyrirtækja sem hafa “ungar” kennitölur í því skyni að meta það hvort þeir sinni öryggis- og heilsuvernd starfsmanna sinna eins og best verður á kosið. Því er nauðsynlegt að ríkið setji sér einnig reglur sem miða að því að forðast að eiga viðskipti við forsvarsmenn verktakafyrirtækja sem hafa orðið uppvísir að svokölluðu “kennitölufлакki”.

Geta má þess að skv. dönsku vinnuverndarlögunum þá er danska Vinnueftirlitinu heimilt að birta á netinu eftirlitsskýrslur og flokka fyrirtæki miðað við það hversu vel þeir sinna vinnuverndarstarfi þannig að auðvelt er að sjá hvaða fyrirtæki sinni öryggis- og heilsuverndarmálum starfsmanna sinna. Æskilegt væri að Vinnueftirlitinu væri einnig

veitt slík heimild því þá myndu ríki, sveitarfélög og einkaaðilar eiga auðveldara með að velja sér verktaka m.a. á grundvelli frammistöðu þeirra í öryggismálum og heilsuvernd starfsmanna sinna og þar með stuðla að fækkun vinnuslysa og atvinnusjúkdóma á Íslandi.

Að lokum vill Vinnueftirlitið benda á það að þegar verktaki sinnir vel öryggis- og heilsuverndarmálum starfsmanna sinna er það vísbending um það að hann sé traustur og áreiðanlegur verktaki og því er það til hagsbóta fyrir verkkaupa að slíkir verktakar séu valdir þó þeir virðist við fyrstu sýn “dýrari” en aðrir.

Virðingarfyllst  
f.h. Vinnueftirlitsins



Eyjólfur Sæmundsson forstjóri